

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 1. september 2022
UST202208-022/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - stækkun annars áfanga – Mjóeyrarhöfn. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 3. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd sem felst í að viðlegukantur Mjóeyrarbyggju verður lengdur. Gerður verður nýr hafnarkantur. Hafnarsvæði stækkað með 12,5 ha landfyllingu og gerð ný grjótvörn um 1,04 ha.

Nú þegar er framkvæmdinni að stórum hluta lokið án þess að ferli mats á umhverfisáhrifum hafi verið klárað.

Í fjölmiðlum hefur komið fram að landfyllingu er að mestu lokið. Grjótvörn virðist lokið og aðeins á eftir að fylla upp í 1,9 ha til að landfylling teljist lokið.

Umhverfisstofnun telur forkastanlegt að ráðist sé í framkvæmd áður en ferli mats á umhverfisáhrifum er lokið. Því telur stofnunin að úr því sem komið er verði umsögn einungis formsatriði til að ljúka þessu máli sem er hið furðulegasta.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir þar sem umhverfisáhrif eru þegar fram komin.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur